# 44. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
# Dagsetning: 27.4.2026
# Fundartími: 16:30 – 18:00

**Mætt til fundar:**

**Svanur Karl Grjetarsson** formaður

**Linda Hrönn Þórisdóttir** aðalmaður

**Ingibjörg Hauksdóttir** aðalmaður

**Bjarni Ingimarsson** aðalmaður

**Gnýr Guðmundsson** aðalmaður

**Starfsmenn fundarins:**

**Hörður Þorteinsson** framkvæmdastjóri

**Árni Davíðsson** deildarstjóri hollustuhátta

**Ríkharður F. Friðriksson** deildarstjóri mengunar

**Dagskrá fundarins:**

**1. Dagskrárliður: Umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp um stofnun atvinnuveganna**
Lögð fram bókun heilbrigðisnefndar sem kynnt var í samráðsgátt Alþingis um stofnun atvinnuveganna. Heilbrigðisnefnd telur að fyrirhuguð breyting á skipulagi opinbers eftirlits sé illa undirbúin og byggð á ófullnægjandi forsendum. Frumvarpið leysir ekki þann vanda sem það á að bregðast við og skapar jafnframt nýja óvissu um framkvæmd, ábyrgð og gæði eftirlits. Alls óvíst er hverjar afleiðingar breytinganna verða gagnvart neytendavernd, gæðum og öryggi matvæla. Raunveruleg hætta er á þjónusturofi og veikara viðbragðskerfi þar sem viðbrögð við ýmiskonar vá sem steðjar að öryggi matvæla s.s. matarsýkinga eða annarra ófyrirséðrar áhættu, verði ómarkvissari og svifaseinni. Það er að mati heilbrigðisnefndar ekki skynsamlegt að fara í tilraunastarfsemi á fyrirkomulagi opinbers eftirlits með matvælum og horfa frá því skipulagi sem er við haft í þeim löndum sem við berum okkur saman við, þar sem áhersla er lögð á að matvælaeftirlit sé framkvæmt af aðilum sem hafa staðþekkingu og geta brugðist fljótt við, enda séu almannahagsmunir í húfi.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

**2. Dagskrárliður: Umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp um einföldun regluverks varðandi hollustuhætti og mengun**
Lögð fram bókun heilbrigðisnefndar um frumvarp um einföldun regluverks varðandi einföldun regluverks í samráðsgátt Alþingis.
Samkvæmt frumvarpinu er sveitarfélögum heimilt að semja drög að samþykktum um bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds, og meðferð úrgangs og skolps. Þrátt fyrir að búið sé að bæta við frumvarpið ákvæði um að sveitarstjórn geti farið með valdsvið og heimildir til beitingar þvingunarúrræða, þá eru úrræði sveitarfélaga veik til þvingunar eða sektarákvæða og viðbúið að erfiðara verður að framfylgja samþykktum sem verða sett á grundvelli þessara lagagreinar. Þá er alls óvíst hvaða valdheimildir sveitarfélög hafa til að fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðir og sambærilega hluti. Samþykktir um vatnsverndarsvæði sveitarfélaganna eru settar í samræmi við



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

reglugerðir um neysluvatn, sem sett er á grundvelli laga um hollustuhætti. Alls óvíst er með hvaða hætti eftirlit og heimildir um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum verða samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt núverandi samþykktum er það hlutverk heilbrigðisnefnda að hafa eftirlit með allri starfsemi á vatnsverndarsvæðum og afla þarf leyfis heilbrigðisnefnda til að hefja starfsemi á viðkomandi svæði. Ekki liggur fyrir hvort ætlunin er að breyta reglugerð um neysluvatn með þeim hætti að svæðisbundin samlög sveitarfélaga fari með eftirlit og starfsleyfisútgáfu á viðkomandi vatnsverndarsvæði, en það er ljóst að allri óvissu varðandi regluverk um vatnsverndarsvæði verður að eyða og regluverkið um þessa mikilvægustu auðlind okkar verður að vera skýrt og tryggja öryggi neysluvatns þannig að það sé heilnæmt og öruggt. Frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingu á skipulagi opinbers eftirlits. Verið er að gera tilraun til breytinga á fyrirkomulagi í þá veru sem hvergi þekkist í okkar nágrannalöndum. Sá vandi sem við blasir í opinberu eftirliti hér á landi og vísað hefur verið til á rætur sínar í því andvaraleysi sem stjórnvöld hafa sýnt þessum málaflokki í gegnum árin.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### 3. Dagskrárliður: Snókalönd, breyting á deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Snókalanda. Um er að ræða fjölgun á byggingarreitum þar sem gert er ráð fyrir allt að 18 kúluhúsum ásamt þjónustuhúsi. Allt svæðið er undir hverfisvernd HVb5 Kapellu- og Óbrynnishólahraun en í skilmálum hverfisverndarinnar er tekið fram að hverfisverndarákvæði nær einungis til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum. Skipulagssvæðið er því ekki innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis.
Á vinnslustigi breytingartillögunnar komu fram ábendingar frá heilbrigðiseftirliti varðandi fráveitu og neysluvatn. Gert er ráð fyrir að fráveita verði leið í rotþró og þá er heimilt að bora eftir neysluvatni fyrir svæðið og skal staðsetning ákvörðuð í samráði við heilbrigðiseftirlitið.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### 4. Dagskrárliður: Breyting á deiliskipulagi Valla. 3. áfangi vegna Ásvallarlaugar

Stækkun gerir ráð fyrir nýjum saunaklefum, inni- og útilaug og stækkun á tæknirými. Lögun óraskaðs hrauns er breytt lítillega í samræmi við staðhætti og gert er ráð fyrir gönguleiðum í hrauninu. Byggingarreitur mun stækka til suðvesturs en minnkar aðeins til suðurs.
Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að samkvæmt lögum um náttúruvernd ber að forðast röskun óraskaðs hrauns eins og kostur er.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### 5. Dagskrárliður: Óheimilt dýrahald og slæm umgengni á Ölduslóð 38 í Hafnarfirði

Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist fjölmargar kvartanir vegna dýrahalds á Ölduslóð 38 í Hafnarfirði. Kvartað hefur verið vegna hávaða frá dýrahaldi. Óheimilt er að halda hana í Hafnarfirði samkvæmt samþykkt nr. 1000/20217 um hænsnahald. Við eftirlit kom í ljós að húseigandi er með 9 hana. Húseigandi hefur fengið áskoranir um að fjarlægja hananna, en hefur ekki brugðist við áskorun heilbrigðiseftirlits. Þá hefur heilbrigðiseftirlitinu borist fjölda kvartana vegna dúfnahalds á Ölduslóð 38, þar sem dúfur fljúga um nágrennið og setjast á þök og svalir og er mikil óþrifnaður frá þeim í næsta nágrenni. Húseiganda hefur verið bent á að samkvæmt samþykkt nr. 634/2012 um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði er einungis heimilt að halda dúfur með leyfi bæjarstjórnar, sem getur takmarkað fjölda dýra og getur sett skilyrði varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir. Áskorun heilbrigðiseftirlits um skráningu dúfnahaldsins ekki verið sinnt og er það niðurstaða heilbrigðiseftirlits að dúfnahaldið að Ölduslóð 38 sé brot á fyrrgreindri samþykkt. Þá er það mat heilbrigðiseftirlits að fjöldi dúfna sem haldin er í húsinu sé umfram það sem eðlilegt geti talist í íbúðabyggð. Á Ölduslóð 38 eru skráðir 3 hundar. Við eftirlit hefur komið í ljós að þar eru haldnir 9 fullorðnir hundar. Hundarnir voru sumir hverjir ekki góðum holdum og aðstæður þeirra voru slæmar. Fjölmargar kvartanir hafa



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

borist vegna ónæðis frá hundunum og er það niðurstaða heilbrigðiseftirlitsins að eigandi þurfi að bregðast við og hefur verið skorað á eiganda að gera bragarbót á sínu hundahaldi og fylgja samþykktum um hundahald. Eigandi hefur ekki brugðist við þeim tilmælum. Þá gerði heilbrigðiseftirlitið athugasemdir við umgengni á lóð Ölduslóðar 38, en óskráð bifreið er á lóðinni, sem bæði er lýti á svæðinu og ekki í samræmi við kvaðir í lögum og reglugerðum er varðar umgengni, geymslu hluta, búnaðar, tækja og númerslausra bifreiða á lóð. Heilbrigðiseftirlitið hefur óskað eftir að viðkomandi bifreið sé fjarlægð af lóðinni.
Þar sem húseigandi/forráðamaður Ölduslóðar 38 í Hafnarfirði hefur ekki orðið við tilmælum heilbrigðiseftirlitsins hvað varðar þær ábendingar og athugasemdir sem gerðar hafa verið við dýrahald og umgengni, óskar heilbrigðiseftirlitið eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar um að heimila beitingu þvingunarúrræða í samræmi við ákvæði XVII kafla um valdsvið og þvingunarúrræði laga nr. 7/1998.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir í samræmi við 44. gr. reglugerðar nr.903/2024, heimild heilbrigðiseftirlits til að knýja á framkvæmd samþykkta um dýrahald og umgengni á lóð, að beitt sé ákvæðum laga um þvingunarúrræði samkvæmt lögum nr.7/1998.*

**6. Dagskrárliður: Ákvörðun HEF um aflífun hunds kærð til ÚUA**
Heilbrigðiseftirlitið tilkynnti eiganda hunds þá ákvörðun dags. 30. mars 2026 að fara þyrfti fram á að viðkomandi hundur yrði aflífaður til að koma í veg fyrir annað samskonar eða alvarlegs atviks en nú þegar hafa gerst. Ákvörðunin var tekið í samræmi við 5. mgr. 8. gr. samþykktar nr.1348/2022 um hundahald í sveitarfélaginu.
Eigandi hundsins nýtti sér þann rétt að kæra ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Jafnframt óskaði eigandi eftir því að sú krafa heilbrigðiseftirlitsins sem gerð var um aflífun, yrði frestað þar til úrskurður Úrskurðarnefndar lægi fyrir. Framkvæmdastjóri kynnti nefndinni greinargerð heilbrigðiseftirlits vegna fram kominnar stjórnsýslukæru.
*Heilbrigðisnefnd tekur undir þá niðurstöðu sem fram kemur í greinargerð til úrskurðarnefndar, m.a. þá ákvörðun að fresta réttaráhrifum þeirrar stjórnvaldsákvörðunar um aflífun hundsins þar til úrskurður Úrskurðarnefndar UA lægi fyrir.*

**7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 21. apríl 2026**
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 21. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

**8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 15. apríl 2026**
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 14. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

**9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 8. apríl 2026**
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 8. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

**10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 1. apríl 2026**
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 1. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Undirskrift fundargerðar

**Svanur Karl Grjetarsson** formaður

**Bjarni Ingimarsson** aðalmaður

**Linda Hrönn Þórisdóttir** aðalmaður

**Gnýr Guðmundsson** aðalmaður

**Ingibjörg Hauksdóttir** aðalmaður



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

# 104. Afgreiðslufundur HEF
# Dagsetning 01.04.2026

**1. Garðatorg 5a Jazzþorpið - tímabundið starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Ólafar Huldu Breiðfjörð f.h. Garðabæjar kt. 570169-60109 dags. 23.03.2026 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi (30.04.2026-03.05.2026) fyrir Jazzþorpið að Garðatorgi 5a Garðabæ. Fasteignanr. 2222574. Endurnýjun. Minnisblað dags.31.03.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt 30.04.2026-03.05.2026.*

**2. Sörlaskeið 44 Hafnarfirði - hestaleiga og reiðskóli - skráning**
Lögð er fram umsókn Stefanie Anke Gregersen f.h. Gregersen ehf., kt. 630921-1550, þar sem sótt er um skráningu fyrir hestaleigu og reiðskóla, Hestastelpur, að Sörlaskeiði 44, Hafnarfirði. Fasteignanúmer: F2242895. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.03.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**3. Ásaþing 4 Kópavogur -dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Heiðars Einarssonar f.h. HEAR ehf, kt. 431125-0640 dags. 11.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning og dreifingu á víni frá Gorilla vöruhúsi. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 01.04.2026.
*Með ákvæðum matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.*

**4. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Mia Alexandra Schwartz f.h. Súrar Míur ehf., kt. 420326-0680 dags.06.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.24.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til. 28.06.2032.*

**5. Garðatorg 5a Garðabær - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.03.2026 f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jazzþorpið í Garðabæ, þann 30.04.2026 kl.17:00 - 23:00 ,01.05 til 03.05.2026 kl. 12:00 - kl. 23:00 haldið í göngugötu Garðabæjar Garðatorgi 5a. Áætlaður. gestafjöldi 700 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**6. Nýbýlavegur 8 Kópavogi dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Berglindar Harðardóttur Diego f.h. Sykur og Salt ehf., kt. 620126-2090 dags. 01.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

**7. Trönuhraun 6, Hafnarfirði - snyrtistofa - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Izabela Jarosz f.h. Snyrtistofa-hársvörð me ehf., kt. 500622-1640 dags. 17.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu með hár og húðmeðferð (laser/ljóstækni) að Trönuhrauni 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2235886. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 01.04.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**8. Nýbýlavegur 20 Kópavogi - veitingahús - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Thu Huong Nguyen f.h. KK Veitingar ehf., kt. 670710-0680 dags. 10.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingahús að Nýbýlavegi 20 Kópavogi. Fasteignanr. F2064415. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 25.3.2026
*Með vísun til ákvæða matvæla - og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**9. Garðatorg 7 Garðabæ - rakarastofa - skráning**
Lögð fram umsókn Einars Ernis Kristmundssonar f.h. EBX ehf., kt. 660126-0740 dags. 05.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir rakarastofu að Garðatorgi 7 Garðabæ. Fasteignanr. F2249015. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 01.04.2026.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 17.02.2026.Jákvætt svar BF dags. 31.03.2026
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**10. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvæla- - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Helgu Dísar Björnsdóttur f.h. Gæðingur ehf., kt. 660811-0800 dags. 04.12.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Nýbýlavegi 8 Kópavogi Fasteignanr. F2064397. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 31.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 105. Afgreiðslufundur HEF
# Dagsetning 8.04.2026

**1. Vesturvör 14 Kópavogi - niðurrif mannvirkja - skráning**
Lögð er fram umsókn Birkis Rútssonar f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 30.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, nyrðra stálgrindarskemmu við Vesturvör 14, Kópavogi. Fasteignanr. 2065899. Tímabundin starfsemi. Minnisblað dags. 07.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**2. Smáratorg 3 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi**
Lögð fram umsókn Rebekku Jóhannsdóttur f.h. Samkaup ehf., k.t. 571298-3769 dags. 25.03.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Prís Smáratorgi 3 Kópavogi. Nýtt leyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.3.2026.
*Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.*

**3. Lónsbraut 6 Hafnarfirði - tannlæknaþjónusta – skráning**
Lögð er fram umsókn Helgu Birnu Pétursdóttur f.h. Tannlæknastofa HP slf., kt. 621220-0740 dags. 27.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir heimsóknarþjónustu tannlæknis á hjúkrunarheimili og aðrar umönnunarstofnanir. Stoðaðstaða verður að Lónsbraut 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2253611. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.04.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**4. Bláfjallavegur Hafnarfirði - flugeldasýning - skráning**
Lögð fram umsókn Rakelar Berg Þráinsdóttur f.h. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar kt. 410200-3170 dags. 17.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu við bílastæði Aurora Basecamp Bláfjallavegi Hafnarfirði, þann 03.10.2026 frá kl. 21:00 - 21:05. Tímabundin starfsemi.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 106. Afgreiðslufundur HEF
# Dagsetning 15.04.2026

**1. Við Vífilstaðaveg Garðabæ - niðurrif mannvirkja - skráning**
Lögð er fram umsókn Kristjáns Arnar Kristjánssonar f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 dags. 08.04.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi á hluta Flataskóla við Vífilstaðaveg Garðabæ. F2072629. Tímabundin starfsemi. Minnisblað dags.14.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest. Niðurrif er áætlað fyrir dags.01.09.2026.*

**2. Auðbrekka 17 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning**
Lögð fram umsókn Airidas Lizaitis f.h. A.V. Bílar ehf., kt. 420126-0340 dags. 08.04.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Auðbrekku 17 Kópavogi. Fasteignanr. F2058766. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**3. Smiðjuvegur 11 Kópavogur - fatahreinsun/efnalaug - skráning**
Lögð er fram umsókn Helenu Írisar Kristjánsdóttur f.h. Nano lausnir ehf., kt. 580909-0620 dags. 26.03.2026., þar sem sótt er um skráningu fyrir fatahreinsun, þvottahús, heildsölu að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. F2065288. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**4. Miðholt 1, Mosfellsbær - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Jordanas Golovinas kt. 031275-2889 dags. 23.06.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhúsi Eimskips. Lögheimili er Miðholt 1, Mosfellsbær. Eftirlitsskýrsla dags.14.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**5. Suður -Reykir 1 Mosfellsbær - sala á kjöti - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Jóns Magnúsar Jónssonar f.h. Reykjabúið ehf., kt. 581187-2549 dags. 19.03.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sölu á kjöti , fersku og frosnu, að Suður - Reykjum 1 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082390. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**6. Ljósatröð 2 Hafnarfjörður - samkomuhús með móttökueldhúsi - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Árna Geirs Ómarssonar f.h. Frímúrarahúsið Ljósatröð, kt. 590169-2699 dags. 13.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomuhús með móttökueldhúsi að Ljósatröð 2, Hafnarfirði. Fasteignanúmer: F2220014. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.4.2026.Í auglýsingu: 13.03.2026 - 10.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**7. Arnarhraun 50 Hafnarfirði - búsetukjarni fyrir fatlaða - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Áróru Huldar Bjarnadóttur f.h. Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579 dags. 10.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk að Arnarhrauni 50, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2509982. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2026Í auglýsingu: 17.03.2026-13.04.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**8. Vífilstaðavegur - veitingahús/veisluþjónusta - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Írisar Sveinsdóttur f.h. Ísó Veitingar ehf., kt. 611025-1300 dags. 26.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitinga/kaffihús í Golfklúbbi GKG að Vífilstaðavegi Garðabæ. Fasteignanr. F2072642. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2026.Sent á byggingarfulltrúa dags. 10.3.2026. Jákvætt svar 31.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla - og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**9. Bugðufljót 8 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Andrius Vozbutas f.h. Ferox ehf., kt. 600319-0780 dags. 27.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Bugðufljóti 8 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2535596. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2026.Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 10.3.2026. Jákvætt svar 11.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**10. GKG Garðabær - veitingaleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.02.2026 f.h. Ísó veitingar ehf.,, kt. 611025-1300 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - A Veitingashús í fl. II, fyrir Mulligan GKG, Golfklúbbur Garðabæjar. Fasteignanr. F2072642. Hámarksfjöldi gesta 110 í útiveitingum 170.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2026.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**11. Nýbýlavegur 6, Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Guðna Vignis Samúelssonar f.h. Lagsmaður ehf/Fiska, kt. 500604-3010 dags. 13.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutningur og dreifingu matvæla að Nýbýlavegur 6, Kópavogi. Fasteignanr. F2289103. Breyting á starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**12. Litlatún 3 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Sigrúnar Guðmundsdóttur f.h. Hagar Wine B.V., kt. 610624-9950 dags. 10.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Litlatúni 3 Garðabæ. Fasteignanr. F2314233. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.13.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**13. Lækjasmári 114 Kópavogi- leikskóli - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Sigrúnar Huldu Jónsdóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 26.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Læk, Lækjasmára 114 Kópavogi. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2026.Auglýst: 26.01.2026-23.02.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**14. Strandgata 90 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 1.04.2026 f.h. Ægir 220 ehf.,, kt. 670723-0890 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir HEIMA hátíðina í Hafnarfirði þann 22.04.2026 frá kl. 19:00 til 23.04.2026 kl. 03:00 haldin í Ægir 220 Strandgötu 90 Fasteignanr. F2079509. Hámarksfjöldi gesta 250
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**15. Rauðhella 5 Hafnarfirði - bifreiða og vélaverkstæði - skráning**
Lögð fram umsókn Marius Petruskevicius f.h. Fast Parts ehf., kt. 470617-2410 dags. 24.01.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Rauðhellu 5 Hafnarfirði Fasteignanr. F2282987. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**16. Víkurhvarf 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Arnars Freys Ársælssonar f.h. Core heildsala ehf., kt. 561118-1160 dags. 21.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Víkurhvarfi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2301028. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**17. Akralind 1 Kópavogi - bón- og bílaþvottastöð - skráning**
Lögð fram umsókn Emils Sharifi f.h. Bílaþvottur Íslands ehf., kt. 571125-0130 dags 26.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón og bílaþvottastöð að Akralind 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2238337. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2026.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 10.12.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags.25.03.2026
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.*

**18. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - matvöruverslun - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Þóru Þórisdóttur f.h. Matarbúin Nándin - Fjörður, kt. 650113-0120 dags. 24.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaverslun að Fjarðargötu 13-15 Fasteignanr. F2223430. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.26.03.2026. Sent á byggingarfulltrúa dags. 4.3.2026. Jákvætt svar dags. 15.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 107. Afgreiðslufundur HEF
# Dagsetning 21.4.2026

**1. Hlégarðstún Mosfellsbær - umsagnarbeiðni - tækifærisleyfi**
Lagt er fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.04.2026 f.h. Ketils Guðlaugs Ágústssonar, kt. 101206-3190, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir brekkusöng og sumarball á Hlégarðstúni Mosfellsbæ þann 15.08.2026, kl. 19:00-23:00. Fjöldi gesta 550, aldur 16-18 ára.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**2. Móhella 1d Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði - skráning**
Lögð fram umsókn Izabela Grajewska f.h. Nordic Hire ehf., kt. 660326-1620 dags. 31.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Móhellu 1d Hafnarfirði. Fasteignanr. 2517932 Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.17.04.2026Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15.04.2026. Jákvætt svar dags. 16.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**3. Urriðavellir Garðabær - veitingastaður - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Alfreðs Ómars Alfreðssonar f.h. Pútt og Pottar ehf., kt. 600407-1980 dags. 20.03.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað hOla mathús í Golfklúbbnum Oddur Urriðavöllum. Fasteignanr. F2068979.
Eftirlitsskýrsla dags. 17.4.2026.Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 10.3.2026. Jákvætt svar 31.03.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla - og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**4. Völuteigur 2 Mosfellsbæ - sláturhús og kjötvinnsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Tómasar Jónssonar f.h. Matfugl ehf., kt. 471103-2330 dags. 03.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir slátrun- og vinnslu alifugla afurða að Völuteig 2 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2252438. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.02.2026. Drög að starfsleyfi auglýst 19. 03.2026 - 16.04.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**5. Urriðavatndalur - veitingaleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.01.2026 (leiðréttur gestafjöldi 17.02.2026) f.h. Pútt og Pottar ehf., kt. 600407-1980 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - A Veitingashús í fl. II, fyrir Pútt og pottar ehf., við Urriðaholtsvatn Fasteignanr. F2068979. Hámarksfjöldi gesta 110, í útiveitingum 40.
*Jákvæð umsögn.*

**6. Skemmuvegur 44 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Jóns Péturs Ragnarssonar f.h. Aura ehf., kt. 560925-0500 dags. 16.11.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Skemmuvegi 44 Kópavogi. Fasteignanr. F2064917. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 3.3.2026.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 18.02.2026.Sent á byggingarfulltrúa dags. 4.3.2026. Jákvætt svar 16.04.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**7. Álhella 1 Hafnarfirði -fituhreinsun vatns - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Svans Sævars Lárussonar f.h. Hreinsitækni., kt.. 621293-2069 dags. 19.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fituhreinsun ,vatn aðskilið frá fitu, að Álhellu 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. L122107. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.4.2026.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 04.06.2025. Jákvætt svar dags. 13.06.2025.Drög að starfsleyfi auglýst 10.7.2025 -
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 7. janúar 2037.*

**8. Strandgata 90 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.04.2026 f.h. Ægir 220 ehf.,, kt. 670723-0890 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik Papa þann 01.05.2026 frá kl. 22:00 til 02.05.2026 kl. 02:00 og 02.05.2026 frá kl. 22:00 til 03.05.2026 kl. 02:00 haldin í Ægir 220 Strandgötu 90 Fasteignanr. F2079509. Hámarksfjöldi gesta 250

*Jákvæð umsögn*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026